

Vel lukkuð fæðingarhjálp vekur alltaf gleði

• atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Veggfóðrar með landanum í haust

HÁLFÐÁN STEINDÓRSSON TIL HALDS OG TRAUSTS

FÓLK 38 ▶



Frábær tónlistarmaður með gott hjartalag

FJÖLHÆFUR TÓNLISTARMAÐUR LÁTINN

TÍMAMÓT 14 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

14. ágúst 2005 - 217. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

United byrjar með sigri

Ruud van Nistelrooy og Wayne Rooney



skoruðu mörk Manchester United sem vann Everton í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Eiður Smári Guðjohnsen verður í eldflínunni í dag er Chelsea mætir Wigan.

ÍPRÓTTIR 30

Auður á þjóðvegnum

Það væri fróðlegt ef einhver talnaglöggur maður tæki sig til og reiknaði út hvað innflutningur og rekstur hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna kostar, segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 10




Bjartsýni í bland við baráttuhug

Í síðustu viku stóð European LGBT fyrir ráðstefnu í Liechtenstein og Sviss undir slagorðinu „Niður með múrana“. Samtökin vilja stuðla að bættri vellíðan samkynhneigðra í Evrópu.

RÁÐSTEFNA 18

VEÐRIÐ Í DAG



KALDI EÐA STREKINGUR SUÐ-VESTANLANDS og rigning í dag, en annars hægar og þurr fram eftir degi austanlands. Fer þó að rigna þar undir kvöldið.

VEÐUR 4

SUÐVESTURHORNIÐ

Lestur kvenna á sunnudögum*

69%



41%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 20-40 ára á sunnudögum.

Ekkert rafmagn í skólanum þegar skólafestir hefjast

Nú þegar rúm vika er í að kennsla hefjist í Laugarnesskóla er enn óvíst hvort rafmagn verði komið á þegar nemendur mæta. Kennarar mæta á morgun til að undirbúa starfið í rafmagnsleysi.

FRAMKVÆMDIR „Við vonum bara að það verði komið rafmagn þegar krakkarnir mæta í skólann í þarnaestu viku en kennararnir sem mæta nú á mánudaginn munu hins vegar koma að skólanum rafmagnslausum,“ segir Guðmundur Þór Ásmundsson, skólafestir Laugarnesskóla.

Í sumar hófst Orkuveitan handa við að leggja nýjar rafmagnslagnir en fyrir séð var að þær gömlu myndu ekki anna tækjunum sem notuð verða í nýju mótuneyti skólans sem tekið verður í notkun á haustönn. Vel gekk að koma nýju rafmagnslögnunum fyrir þangað til í ljós kom að ekki hafði verið gert ráð fyrir vatnslögnunum sem eiga að fara samhliða rafmagnslögnunum.

Fyrir þremur vikum var svo lagt í að koma vatnslögnunum fyrir og varð þá að taka rafmagn af byggingunni.



VIÐ LAUGARNESSKÓLA Útlitið ber það ekki með sér að skólafestir sé að hefjast í Laugarnesskóla.

Símasamband við skólann hefur verið strjált en þó hefur verið hægt að taka við einhverjum símtölum í gegnum farsíma.

„Orkuveitan er að vinna að þessu hörðum höndum og vonandi verður rafmagn komið á þegar kennsla hefst eftir rúma

viku,“ segir Þorkell Jónsson, deildarstjóri mannvirkjaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Miklar framkvæmdir eiga sér stað í Laugarnesskóla en verið er að reisa viðbyggingu og er ráðgert að hún verði öll tilbúin til vígslu haustið 2006. Það er að minnsta kosti hálfu ári seinna en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Tafirnar eru til komnar vegna hönnunarbreytinga sem samþykktar voru á byggingarferlinu, að sögn Þorkels.

Viðamiklar breytingar verða svo gerðar á gömlu byggingunni og að sögn Guðmundar skólafestir er gert ráð fyrir því að þeim verði lokið um haustið 2007.

„Við fáum líka að nota aðstöðuna í Laugalækjarskóla meðan á þessu stendur, maður verður líka að kíkja á björtu hliðarnar,“ segir Guðmundur.

- jse



KOMINN TIL STOKKSEYRAR Kjartan Jakob Hauksson kom til Stokkseyrar síðla í gær eftir rúmlega sólarhringslanga sjóferð frá Hjörleifshöfða. Fjölmenni var við höfnina til að taka á móti honum. Nokkrir fóru út á kajökum til að taka á móti honum og fylgja honum síðasta spólinn. Kjartan Jakob var hins vegar ekki þreyttari en svo að hann stakk þá af.

Fjöldi fólks fagnar 60 ára afmæli frægustu bókar Astrid Lindgren:

Ekki þverfótað fyrir Línu langsokki

SVÍPÍÓÐ, AP Um þrjú þúsund manns, að stórum hluta börn, tóku þátt í skrúðgöngu í miðborg Stokkhólms þar sem haldið var upp á að 60 ár eru liðin síðan bók Astrid Lindgren um Línu langsokk kom fyrst út. Skrúðgöngunni lauk með mikilli hátíð þar sem boðið var upp á fjölda skemmtiatriða í anda bókarinnar.

Fjöldi barna var mættur í gulum kjól, mislitum sokkum og með rauða hárkollu í takt við búninginn sem einkenndi Línu langsokk. Börnin kepptu í margvíslegum

þrautum, svo sem þeirri hver gæti spýtt lengst, og fóru í reipitög við sjóræningja.

Þó haldið hafi verið upp á 60 ára afmæli bókarinnar um Línu langsokk í gær er alla jafna miðað við 13. september sem afmælisdag bókarinnar, en þann dag 1945 samþykkti útgefandi að gefa hana út. Hátíðinni var flýtt til að tryggja gott veður.

MARGAR LÍNUR Um 1.500 börn tóku þátt í hátíðahöldunum í miðborg Stokkhólms.



Mótmælandi handtekinn: Mótmælti í lögreglubúningi

MÓTMÆLI Talið er að um sjötíu manns hafi safnast saman á Austurvelli eftir hádegi í gær til að mótmæla Kárahnjúkavirkjun og álveri við Reyðarfjörð. Fóru mótmælarnir friðsamlega fram að sögn lögreglu.

Íslenskur mótmælandi í lögreglubúningi var þó færður á lögreglustöð til yfirheyrslu. Var honum leyft að fara að yfirheyrslum loknum, en hald var lagt á búninginn.

Nokkrir lögregluþjónar fylgdust með mótmælunum á Austurvelli, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík.

- ht

Olíuauður Íraka:

Skiptingin ákveðin síðar

ÍRAK, AP Væntanleg stjórnarskrá Íraks kveður ekki á um hvernig olíulindum landsins skuli stjórnað, sagði Ibrahim Bahr al-Uloum, olíumálaráðgjafi Íraks, í gær. Hann sagði þó ákvæði um að auður af náttúruauðlindum væri fyrir alla Íraka.

Spurningin um hvernig olíuauðnum skuli skipt er ein sú erfiðasta sem semjendur stjórnarskrárinnar standa frammi fyrir. Bahr al-Uloum sagði réttlátt að olíuframléiðsluhéruð fengju meiri hlutdeild í olíuauðnum en önnur héruð þar sem þau þyrftu að þola mengun frá starfsemiinni. Auðlindirnar væru þó eign allra Íraka, sem ættu að njóta góðs af. ■



SPURNING DAGSINS

Jóhannes, er þetta úti úr kortinu?

„Já, þetta er alveg úti úr kortinu.“

Jóhannes Gunnarsson fól lögmanni Neytendasmatakanna að kanna lögmati þess að SKY tæki ekki við íslenskum greiðslukortum.

Dýraverndarsamtök:

Sökuð um fordóma

BANDARÍKIN. AP Dýraverndarsamtökin PETA hafa ákveðið að endurskoða auglýsingar sínar eftir að mannréttindafrömuðir kvörtuðu undan því að þær bæru keim kynþáttafordóma.

Í einni auglýsingunni í herferð sem ber heitið Frelsun dýranna eru settar saman myndir af þeldökkum einstaklingum og filum í keðjum svo dæmi sé tekið, í annarri auglýsingu er ein mynd þar sem þeldökkur baráttumaður fyrir mannréttindum er sýndur barinn við afgreiðsluborð og önnur þar sem selur er barinn til ólffís. Auglýsingarnar eiga að jafna illri meðferð á dýrum við þrælahald en forystumenn mannréttindasamtaka segja lítið gert úr þjáníngum þræla og að í raun opinberi auglýsingarnar kynþáttafordóma.

Forsvarsmenn PETA segja ætla að fara yfir mótmælin og ákveða hvernig skuli brugðist við þeim.

LÖGREGLUFRETTIR

MEIDDIST Á ÖXL

Maður slasaðist lítillega á öxl þegar bíll sem hann var í fór þrjár veltur nálægt Hagavatni. Viðkomandi var fluttur á sjúkrahús en meiðsl hans voru talin minniháttar.

ÞRÍR TEKNIR FYRIR HRAÐAKSTUR

Lögreglan í Reykjanesbæ stöðvaði þrjá ökumenn fyrir of hraðan akstur þar sem er 90 kílómetra hámarkshraði. Einn mældist á 119 kílómetra hraða, annar á 121 kílómetra hraða og sá þriðji á 131 kílómetra hraða.

EKIÐ Á SEXTÁN ÁRA DRENG

Sextán ára drengur á reiðhjólí varð fyrir bifreið á Njarðarbraut í Njarðvík. Hann hlaut minniháttar áverka á úlnið og fór til skoðunar á Heilbrigðisstofnun Sudurnesja.

Óttast að margir litlir hryðjuverkahópar leynist í Bretlandi:

Engin tengsl milli hryðjuverkaárásanna

LUNDÚNIR Engin tengsl voru á milli áráðarmannanna sem bönuðu 52. júlí og þeirra sem gerðu tilraun til hryðjuverkaárása 21. júlí. Þetta eru frumniðurstöður hryðjuverkarannsóknar breskra löggæslustofnana sem The Independent greindi frá í gær.

Yfirvöld hafa farið í gegnum gögn um tölvu- og símnötun og rætt við vini og samstarfsmenn áráðarmannanna til að byggja upp mynd af þeim og samskiptum þeirra í aðdraganda áráðanna.

Engar sannanir hafa komið fram sem sýna fram á að áráðunum hafi verið stjórnað eða þær skipulagðar af öðrum en fremjendunum. Þetta hefur valdið lög-

reglugyfirvöldum í Bretlandi töluverðum áhyggjum og þykir auka líkurnar á því að fleiri litlir sjálfum sér nægir hryðjuverkahópar kunnir að vera í leynum í Bretlandi, sem leynihjónustan hefur enga vitneskju um, eins og raunin var með fjórmenningana.

Þá benda gögnin til þess að hnefaleikasali og líkamsræktarstöðvar í Leeds hafi verið meiri áhrifavaldur í myndun sellunnar en moskur múslima. - grs

FRÁ RANNSÓKNINI Mikið kapp hefur verið lagt á að rannsaka hryðjuverkin í Lundúnum.



Segja hverjum steini velt við

Lögmennirnir Jón Magnússon og Hróbjartur Jónatansson gagnrýna framgöngu ákærvaldsins í Baugsmálinu. Sumar kærurnar eru sagðar alvarlegar en annað er sagt sparðatíningur. Þó má búast við að margt nýtt eigi eftir að koma í ljós þegar máflutningur hefst.

DÓMSMÁL „Það er ljóst að hverjum steini hefur verið velt við í þessu fyrirtæki í rannsókninni“, segir Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður. „Ákærvaldið hefur lítið takmarkað sig við alvarleika brotanna, heldur tíst allt til sem mögulega gæti kallað á refsingu. Fyrir bragðið eru þarna ýmsir liðir sem eru hálfgerður sparðatíningur. Það gerir kærna ótrúverðugri og ef

til vill hefði því verið réttara að leggja áherslu á alvarlegustu ákæruliðina.“ Hróbjartur segir þá ákæruliði sem lúta til að mynda að tollsvikum og rangfærslu reikninga vera alvarlegasta, en síðan sé um að ræða fjölmarga ákæruliði sem varði tæknilega meðferð á fjármunum þar sem síður verið séd að um auðgunarásætning sé að ræða.

Hróbjartur segir þó erfitt að meta málið í heild út frá ákærnum einum þar

sem máflutningur er ekki hafinn og sókn er vörn ekki lokið í málinu. „En eftir að hafa rennt yfir ákærurnar og þessar stuttu skýringar sýnist mér að það verði á brattann að sækja fyrir ákærvaldið í velflestum ákæruliðum. Heilt yfir er þessi ákæra ekkert mjög sannfærandi.“

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður tók í svipaðan streng, en vildi þó lítið tjá sig um ákæratriðin þar sem málið væri víðamikil og hann hefði engin frekari gögn en þau sem Fréttablaðið birti í gær. Hann segir þó spurningar vakna um sekt eða sakleysi í ákæruliðum þar sem stjórnendur séu í ákveðnum millivíðskiptum.

„Einhvern veginn virðist manni þó mjög sérkennilegt hvaða aðilar eru teknir til skoðunar og hverjir ekki hjá ákærvaldinu hér á landi“, segir Jón. „Það er ekki hreyft við því að kanna ákveðna hluti hjá ákveðnum fyrirtækjum, en aðrir eru alltaf undir smá-sjónni. Menn hafa



JÓN MAGNÚSSON Allir nema einn í Orca-hópnum hafa verið ákærðir.

fengið að ákæra eins og þá lystir án þess að bera nokkra ábyrgð á því, jafnvel af eintómri meinfýsni og síðan ganga menn keikir og halda störfum sínum þótt saklausir sakborningar hafi jafnvel misst mannorð, atvinnu og eigur sínar.“

Jón, sem var verjandi í Hafskipsmálinu á sínum tíma, útilokar ekki að um pólitískar ákærur sé að ræða og minnir á Orca-hópin, sem vakti reiði Davíðs Oddssonar á sínum tíma. „Allir þeir sem mynduðu hann, að einum undanskildum, hafa mátt þola sérstakar rannsóknir og ákærur.“

Ekki náðist í Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson og Jón H. Snorrason vegna ásakana Jóns Ásgeir Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í Fréttablaðinu í gær. Jón Steinar Gunnlaugsson og Björn Bjarnason ætluðu ekki að tjá sig að svo stöddu.

grs@frettabladid.is

JÓHANNESSON Sagði Jón Steinar Gunnlaugsson hafa safnað fé til höfuðs fyrirtækinu í upphafi málsins.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Sagði Baugsmenn hafa verið verið skilgreinda sem glæpamenn og síðan hafi verið farið af stað að leita að glæpnum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir sækist eftir öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokks:

Vil skipa mér í forystusveit

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að gefa kost á sér í annað sæti framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári.

„Mig langar til þess að skipa mér í forystusveit borgarstjórnarflokksins og halda áfram með þau mál sem við höfum unnið að“, segir Hanna Birna. „Mig langar líka að halda áfram að vinna fyrir Reykvíkinga og tel að ég geri það best svona.“

Aðspurð segist Hanna Birna fyrir löngu síðan hafa tekið ákvörðun um að sækjast ekki eftir fyrsta sæti listans að sinni. Mjög hæfur maður sinni oddvitahlutverki flokksins nú og aðrir sem rætt hafi verið um í fyrsta sæti listans séu einnig hæfir. „Þessi ákvörðun ræðst einnig af



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Gefur kost á sér í annað sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor.

því að ég er aðstoðarframtækjastjóri Sjálfstæðisflokksins og tel þetta tvennt ekki fara saman“, segir Hanna Birna.

Hanna Birna segist ekki hafa skipulagt framboð sitt með

ákveðinn frambjóðanda í fyrsta sæti listans í huga. „Einungis einn hefur lýst yfir framboði sínu í fyrsta sætið. Það er oddviti okkar og ég styð hann heils hugar“, segir Hanna Birna. - ht

Nýir og glæsilegir ferðabæklingar

Með Apollo í sólina í allan vetur!

Á vit fjarlægja sólarstranda og stórborga

Glæsilegar og vandaðar sérferðir með fararstjórum um allan heim

Pantaðu þitt eintak strax í dag og kiktu í heimsókn á heimasíðu okkar www.kuoni.is.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðabrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Svefn & heilsa



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA

ÚTSÖLUHORN

Dýnur • Rúm
Húsgögn
og fleira

ÓTRÚLEG VERÐ

Leðurhægindastólar



Svefnsófar



Verð frá 79.900.- stgr.

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



iq-care.com

Chiropractic®
2005



IQ-CARE
HEILSUKODDAR



Biflex



actilinea



WALLHUGGER



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



KJÖRKASSINN

Var rétt hjá landbúnaðarráðherra að hafna innflutningi nautakjöts frá Argentínu?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	47,6%
Nei	52,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ganga brottflutningarnir frá Gaza friðsamlega fyrir sig?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



George W. Bush varar Írana við vegna úraníumframleiðslu:

Útilokar ekki beitingu hervalds

ÍSRAEL. AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segist ekki útiloka neitt þegar kemur að því að koma í veg fyrir að Íranar komi sér upp kjarnorkuvopnum. Hann sagði í sjónvarpsviðtali við ísraelska sjónvarpsstöð að fyrst og fremst vildi hann notast við diplómatisksamskipti en ef það brygðist væru aðrir kostir í boði.

„Beiting valds er síðasti kostur fyrir hvaða forseta sem er. Þú veist að við höfum beitt valdi í nýliðinni fortíð til að tryggja land okkar,“ sagði Bush, sem lýsti ánægju með að Alþjóða kjarnorkumálastofnunin hefði lýst

verulegum áhyggjum af kjarnorkuáætlun Írana.

Íranar rufu í vikunni innsigli í kjarnorkuveri sínu í Isfahan og ætla sér að hefja auðgun úraníums á nýjan leik. Auðgun úraníums er nauðsynleg til að framleiða kjarnorkuvopn en Íranar segjast einungis ætla að nota orkuna í friðsamlegum tilgangi. Um það ríkja efasemdir í alþjóðasamfélaginu, einkum meðal Bandaríkjamanna og Ísraelsa. Hafa Vesturlönd reynt að semja við Írana um að hætta við auðgun úraníums og fá bætur eða betri viðskiptasambönd í staðinn. - **þþg**



BUSH MEÐ RÁÐGJÖFUM UM VARNARMÁL George W. Bush og Dick Cheney varaforseti funduðu með Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra og fleiri ráðgjöfum um varnarmál á búgarði forsetans í Texas.



KANSLARINN 46 prósent vilja Schröder sem kanslara en 39 prósent Merkel, samkvæmt nýrri könnun.

Gerhard Schröder:

Réðist á andstæðingana

ÞÝSKALAND. AP Gerhard Schröder, Þýskalandskanslari og leiðtogi jafnaðarmanna, réðist harkalega að Kristilegum demókrötum þegar hann hóf kosningabaráttu sína fyrir þingkosningar sem haldnar verða eftir rúman mánuð.

Schröder sagði að smekkleysa og harðneskjulegar aðferðir Edmunds Stoiber, formanns Kristilegra demókrata, og skortur Angelu Merkel, kanslaraefnis flokksins, á leiðtogahefaleikum væru ekki það sem þyrfti til að sameina Þjóðverja. Hann reyndi einnig að auka stuðning við umdeildar breytingar stjórnar sinnar á velferðarkerfinu sem leitt hafa til fylgistaps stjórnarflokkanna. ■



KHOSRAW BASHERI Fyrsti herra Afganistan vonar að friður komist á í landi sínu.

23 ára kaupsýslumaður:

Fyrsti herra Afganistan

AFGANISTAN. AP Khosraw Basherri komst í sögubækurnar þegar hann varð fyrsti maðurinn til að verða krýndur herra Afganistan. Þessi 23 ára kaupsýslumaður, sem hefur stundað lyftingar árum saman, sagðist aldrei myndu gleyma deginum þegar hann var valinn herra Afganistan.

„Þetta hefur verið von mín síðan ég byrjaði að búa mig undir þetta,“ sagði Basherri, sem bar sigurveg af 47 öðrum keppendum. Á þriðja hundrad manns fylgdust með keppninni. Dómararnir voru frá Pakistan þar sem engir Afganir hafa reynt af dómaraströfum í svona keppnum. ■

Depurð í byggðum landnema fyrir brottflutning

Síðasta helgin fyrir brottfarfið frá Gaza líður nú hjá. Í landnemabyggðum safnast fólk saman og heldur upp á Tisha B'Av og býr sig undir brottflutning. Margir segjast hvergi fara.

MÍÐ-AUSTURLÖND. AP Ísraelar hefja á morgun brottflutning fólks frá landnemabyggðum á Gaza þrátt fyrir mikla mótstöðu hvort tveggja meðal landtökumanna og fjölda Ísraelsa sem vilja halda í byggðirnar.

Misjafnt er hvernig íbúar landnemabyggðanna bregðast við yfirvofandi flutningum. „Þetta er ekki síðasti hvíldardagurinn, þeir eiga eftir að verða fleiri,“ sagði Roni Bakshi á heimili sínu í Neve Dekalim-landnemabyggðinni á Gaza. Bakshi og fjölskylda hans eru enn ekki farin að pakka eignum sínum og búa sig undir flutningana. Þau segjast ætla að vera þarna lengi enn.

Gyðingar halda nú upp á helgidaginn Tisha B'Av, en þá



FLUTNINGARNIR UNDIRBÚNIR Ariela Lurie er ein þeirra sem hafa sætt sig við að flytja frá Nissani, einni 21 landnemabyggðar á Gaza sem verður rýmd. Hér sést hún ganga frá eignum sínum.

fasta þeir í sólarhring til að minnast eyðileggingar mustera í Jerúsalem. Roni segir þetta hafa sérstaka merkingu núna. „Í ár skiljum við hvað eyðilegging mustera pýðir, og núna er merkingin dýpri en áður því það eru gyðingar sem eru að reka gyðinga frá heimilum sínum og störfum,“ sagði hann.

Fjöldi íbúa landnemabyggða hefur þegar pakkað eignum sínum og er ýmist fluttur eða bíður þess að flytja. Á morgun hefjast hermenn handa við að banka á dyr hjá fólki og segja því að það þurfi að fara. Á miðvikudag byrja þeir svo að flytja þá á brott með valdi sem neita að fara.

Kennarinn Aviv Simchi sem flutti frá Vesturbakkanum til Shirat Hayam landnemabyggðarinnar fyrir tveimur mánuðum heldur enn í vonina um að byggðirnar verði látnar standa. „Við treystum því að hátíðirnar færi okkur kraftaverk.“

Palestínუმენн fagna brottflutningunum hins vegar. Stofnendur og helstu leiðtogar Hamas komu í gær saman í Gazaborg og er það í fyrsta skipti í áratug sem þeir eru allir á sama stað á sama tíma. Þeir fögnuðu sigri yfir Ísraelum og sögðust berjast áfram gegn þeim. Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, var líka varaður við því að

Fatahreyfing hans fengi ekki ein að ráða því hvað gerðist eftir brottfarf landtökumanna auk þess sem leiðtogarnir sögðu að Hamasliðar hefðu og héldu í rétt sinn til að bera vopn.

Nasser Yousef, innanríkisráðherra í palestínsku heimastjórninni, fyrirskipaði öryggisveitum Palestínუმენн að gæta fyllstu varúðar og vera viðbúar hverju því sem gæti komið upp á í tengslum við brottflutninginn. Öryggisveitirnar bera meðal annars ábyrgð á því að palestínskir vígamenn ráðist ekki á ísraelska hermenn og landtökumenn meðan á flutningunum stendur.

brynjolfur@frettabladid.is



ÞAKIÐ TEKIÐ NIÐUR Margir flytja með sér allt sem þeir geta losað.

Sigurjón Þórðarson ómyrkur í máli vegna atvinnamála á Bíldudal:

Hefur skömm á stjórnarþingmönnum

LANDSBYGGDARMÁL „Þetta er algjör leikaraskapur og ég hef sífellt meiri og meiri skömm á því hvernig stjórnarþingmenn geta komið fram við fólkið á landsbyggðinni,“ segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, um viðbrögð stjórnarþingmanna við ástandinu á Bíldudal.

Sigurjón var einn þeirra þingmanna sem sat fund með fulltrúum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og bæjarstjórnarmönnum Vesturbbyggðar fyrir skemmstu þar sem rætt var um atvinnuástand á Bíldudal eftir að útgerðarfrýrtækið Bílddælingur lagði niður starfsemi sína.

Á þeim fundi var ákveðið að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða færi yfir rekstur Bílddælings og í framhaldi af því yrði brugðist við.

Sigurjón segir þetta ljótan leik



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON Sigurjón segir stjórnarþingmenn framlengja þjáningu fólks á Bíldudal með aðgerðarleysi sínu.

sem framlengi aðeins þjáningu þeirra sem gjalda fyrir ástandið. „Það þarf ekkert allt að hvíla á því hvað kemur fram í þessum gögnum. Ef það er trú stjórnarþingmanna að það sé engin leið að halda úti útgerð frá Bíldudal þá

ættu þeir að taka á því strax og láta þá fólkið hafa aðra atvinnu í staðinn fyrir þá sem gerð var að sölvöru og seld frá þeim. Nú ef þeir trúa því að einhver úrræði séu til ættu þeir að hefjast handa strax,“ segir Sigurjón. - **jse**

ASÍA

MYRTU FIMM Íslamskir vígamenn myrtu fimm einstaklinga þegar þeir réðust inn á heimili í afskekktu fjallahorpi í Kasmír. Árásarmennirnir köstuðu handsprengru inn á heimilið og skutu á heima menn. Níu særðust í árásinni.

HÓTA AÐGERÐUM Norður-kóresk stjórnvöld gagnrýndu Bandaríkjamenn og Suður-Kóreumenn fyrir sameiginlegar heráferingar sem þeir undirbúa. „Alþjóðuher Kóreu er reiðubúinn að svara stríði með stríði hvenær sem er,“ sagði í yfirlýsingu hermálayfirvalda.

BANDARÍKIN

STUNGIN 400 SINNUM Bandarísk kona á níraeðisaldri liggur á sjúkrahúsi eftir að býflugur stungu hana 400 sinnum. Líðan hennar fer batnandi. Maður kom konunni til hjálpar með því að sprauta á hana vatni þar til býflugurnar réðust á hann í staðinn.

Vertu klár í skólann með

JANSPORT®

skóla- og tölvubakpokum!



Þægilegar S-laga axlaólar með gelpúðum (**Airlift**) sem dreifa þunganum og **minnka álag á axlir um 30-40%**

Ólarnar eru flísklæddar og með öndun sem heldur þeim þurrum og stöðugum á bakinu.

Þægilegt bólstrað handfang.

Margar gerðir af tölvubakpokum.

Markmið Jansport er að hanna bestu hugsanlegu bakpoka með þægindi, notkun, endingu og útlit í huga.

Jansport mestu seldu bakpokar í USA
30 ára ábyrgð

Verð kr. 5.990.-

Verð kr. 5.990.-

Verð kr. 9.990.-

Verð kr. 7.990.-

Verð kr. 7.990.-

Verð kr. 6.990.-

Verð kr. 7.990.-

Verð kr. 8.990.-

Verð kr. 5.990.-

Verð kr. 6.990.-

Verð kr. 8.990.-

Verð kr. 4.990.-

Verð kr. 12.990.-

Verð kr. 9.990.-

Verð kr. 7.990.-

Verð kr. 9.990.-

Jansport bakpokarnir eru hannaðir með þarfir skólafólks í huga

Brjálad úrval
Brjáladir litir...

Landsins mesta úrval af **JANSPORT** bakpokum

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað eru margir félagar í Félagi múslima á Íslandi?
2 Hversu margir eru strandgöngur vegna verkfalls flugvallarstarfsmanna British Airways?
3 Hvernig hyggjast Danir reyna að fjölga fólki á vinnumarkaði?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Mannréttindanevnd Sameinuðu þjóðanna:

Danir brutu á mannréttindum Úgandabúa

DANMÖRK Mannréttindanevnd Sameinuðu þjóðanna úrskurðaði í fyrravetur að brottvísun úgandsks manns frá Danmörku hafi strítt gegn alþjóðasáttmálum.

Á vefsíðu Politiken segir að því sé nú ljóst að Flóttamannanevnd Danmerkurlandi hafi brotið gegn alþjóðasáttmálum með því að vísa Úgandamanninum úr landi.

var kveðinn upp síðastliðinn vetur. Nefndin taldi að vegna pólitískrar þátttöku sinnar ætti maðurinn á hættu að verða handtekinn í heimalandi sínu og verða beittur ofbeldi.



ANDERS FOGH RASMUSSEN FORSÆTISRÁÐHERRA DANMÆRKUR Dönsk yfirvöld brutu gegn alþjóðasáttmálum með því að vísa úgöndskum manni úr landi.

LÖGREGLUFRETTIR

HÁVAÐI Í HAFNARFIRÐI Talsverður erill var hjá lögreglu í Hafnarfirði í fyrrinótt þar sem óvenju margar kvartanir um hávaða í heimahúsum bárust.

KEYRÐI Í GEGNUM GIRÐINGU

Ungur piltur slapp ómeiddur eftir að hann missti stjórn á bifreið sinni í lausamöl með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar í Laxárdal á ellefta tímanum í fyrrakvöld.



VERKAMENN FYRIR AUSTAN Atvinnuleysi er minnst á Austurlandi og Vesturlandi.

Vinnumarkaður:

Dregur úr atvinnuleysi

ATVINNA Atvinnuleysi var þrjúungu minna í júlí en á sama tíma fyrir ári. 3.135 einstaklingar að meðaltali voru án atvinnu í síðasta mánuði, samkvæmt tölum Vinnu-málastofnunar.

Atvinnuleysi er 2,3 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 1,4 prósent á landsbyggðinni.

Öflugri farsímakerfi:

Flutningsgeta margfaldast

TÆKNI Bæði Síminn og Og Vodafone hyggjast taka upp nýja tækni í farsímakerfum sínum á þessu ári.

Tæknin gerir því farsímanotendum mögulegt að miðla gögnum, ljósmyndum, hreyfimyndum eða vafra á Internetinu á allt að þrisvar til fjórum sinnum meiri hraða en mögulegt hefur verið hingað til.

NOREGUR

SKOTIÐ YFIR TÍMABELTI Norskur kylfingur setti holi í höggi á Harstad-golfvælinum í Svíþjóð á dögunum. Það væri ekki í frásögu færandi nema fyrir þá sök að á meðan teigurinn á fjórtándu holunni er í Svíþjóð er flötin í Finnlandi.

NYRSTU NEÐANSJÁVARHVERIRNIR FUNDNIR Vísindamenn við Björgvinjarháskóla hafa fundið nyrstu neðansjavarhverni í heimi.



FRÁ ÞJÓRSÁRVERUM Samvinnunefnd miðhálandis hefur komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmd Norðlingaölduveitu verði öll utan friðlandsins í Þjorsárverum.

Allar framkvæmdir út úr friðlandinu

Samvinnunefnd miðhálandis samþykkti á fundi sínum að heimila ekki set- og veitulón norðaustan friðlandsins í Þjorsárverum.

UMHVERFISMÁL Framkvæmd Norðlingaölduveitu verður öll utan friðlandsins Þjorsárverum að því er Samvinnunefnd miðhálandis samþykkti á fundi sínum á föstudag.

Set- og veitulón norðaustan friðlandsins verða ekki heimilud og er þannig vikið frá tveggja ára gömlum úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, um Norðlingaölduveitu.

"Til að koma til móts við orkunvinnslu í landinu heimiludum við opnun nýrrar jarðhitavirkjunar við Hágöngulón," segir Óskar Bergsson, formaður nefndarinnar.

ar. „Rannsóknarboranir þar gefa fyrirheit um orku sem nemur allt að hálfri Kárahnjúkavirkjun.“

„Það þarf að skoða hvort nefndin fer út fyrir valdsvið sitt þegar hún tekur afstöðu sem er önnur en afstaða umhverfisráðherra á sínum tíma,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Friðrik segir að sest verði yfir niðurstöðu samvinnunefndar á næstu dögum þar sem staða verkefnisins verði skoðuð með tilliti til arðsemi virkjunarinnar og laga-legrar stöðu Landsvirkjunar.

ad hætta við framkvæmdirnar þrátt fyrir að ljóst sé að arðsemi þeirra minnki í kjölfar niðurstöðu nefndarinnar.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands og Aðalsteinn Guðmundsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segjast fagna niðurstöðunni.

Breytingar Samvinnunefndar á svæðisskipulagi svæðisins verða í framhaldinu sendar Skipulagsstofnun og síðan umhverfisráðherra til staðfestingar.

Konu vísað úr landi:

Formsatriði ekki fullnægt

DANMÖRK Danska innflytjendamálaráðuneytið hyggst vísa rússneskri konu, Elenu Jensen, 44 ára, og fimmtán ára gamalli dóttur hennar, úr landi.

Elena hafði gíft dönskum manni en það hjónaband endaði með illindum. Við skilnaðinn rann dvalarleyfi konunnar úr gildi og hafði hún viku til að sækja um framlengingu.

Málið hefur vakið talsverða reiði í Danmörku enda þykir mörgum ósanngjarnt að dvalarleyfi konu sem hefur lært tungumálið, tekið þátt í atvinnulífinu og greitt sína skatta verði ógilt vegna formsatriðis.

DANMÖRK

DÆMDIR FYRIR KANÍNUDRÁP

Sextán ára piltur í Rødovre hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir illa meðferð á dýrum.

UNDIRSKRIFTASÖFNUN

LÆGRI ELDSNEYTISSKATTA Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur hrint af stað undirskriftasöfnun þar sem stjórnvöld eru hvött til þess að draga úr sköttum á eldsneyti.

SJÁVARÚTVEGUR

MEGNIÐ VEITT Hundrað þúsund tonn eru óveidd af kolmunna-kvótanum. Rúmlega 244 þúsund tonn hefur verið landað úr íslenskum skipum auk 90 þúsund tonna úr erlendum skipum.

Hive kvartar til samkeppnisyfivalda vegna sjónvarpstenginga:

Telur Og Vodafone og Símann brotleg

NEYTENDUR Netþjónustan Hive hefur sent Samkeppniseftirlitinu kvörtun undan viðskiptaháttum bæði Og Vodafone og Símans þar sem fjarskipta- og sjónvarpsþjónusta sé tvinnuð saman.

Hive telur viðskiptahætti fyrirtækjanna þegar hafa hækkað verð á fjarskiptaþjónustu og að það hækki enn verði ekki gripíð inn í þróunina.

vegna afsláttar sem það býður viðskiptavinum með ADSL hjá sér af Sýn.

Í kærrunni er sagt ljóst að stóru fjarskiptafyrirtækin leitist við að koma í veg fyrir samkeppni neytendum til tjóns.

ENSKI BOLTINN TIL SAMKEPPNISEFTIRLITSINS Viðskiptahættir Símans gagnvart ADSL-áskrifendum stöðvarinnar eru komnir fyrir Samkeppniseftirlitið.





TÖLVUSKÓLINN ÞEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

STARFSNÁM

Tölvu- og skrifstofunám

Prautreynt og vandað 220 stunda starfsnám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar jafnt starfandi skrifstofufólki sem vill dýpka þekkingu sína á upplýsingatækni og bókhaldi og þeim sem vilja undirbúa sig undir starf á nýjum vettvangi.

Námið hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennend er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

Helstu kennslugreinar:

Tölvugreinar:

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Netíð og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

Viðskiptagreinar:

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Boðið er upp á eftirfarandi tíma:

Morgunnámskeið 1

Hefst 7. september og lýkur 12. desember. Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12

Morgunnámskeið 2

Hefst 30. september og lýkur 28. janúar 2006. Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12

Kvöldnámskeið 1

Hefst 7. september og lýkur 12. desember. Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17.30 - 21 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30

Kvöldnámskeið 2

Hefst 1. október og lýkur 28. janúar 2006. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.30 - 21 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30

GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og kynningarefni sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin á markaðnum; Photoshop, Freehand og Flash (auk Acrobat Distiller).

UMBROTSTÆKNI

Nám ætlað þeim sem þurfa að sjá um útgáfu kynningarbæklinga, fréttu- og dreifibréfa og kennslu- og leiðbeiningabæklinga hvers konar. Hentar einnig þeim sem þurfa að ganga frá prentgripum til prentsmiðju. Farið er í myndvinnslu með Photoshop, teikningu með Illustrator, umbrotstækni í InDesign og frágangur efnis með PDF fyrir bæði prentaða útgáfu og Vefinn.

ALÞJÓÐLEGT TÖLVUNÁM • MCP XP • MCSA • A+

Skráning á
haustönn hafin
í síma 544 2210,
á vef skólans;
www.tsk.is
og í netpósti
á skoli@tsk.is



Tveir af útskriftarhópum skólans vorið 2005:



Umsagnir nokkurra nemanda:

„Ég var búin að vera heimavinnandi í mörg ár. Með þessu námi náði ég því sem mér fannst ég hafa misst úr og öðlaðist sjálfstraust. Er að byrja í viðskiptafræði í Háskólanum í haust.“

„Núna sé ég sjálfur um rekstur og bókhald fjölskyldufyrirtækisins.“

„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi að námi loknu.“

„Ég lenti í uppsagnahrinu í fyrirtækinu sem ég hafði unnið hjá sl. 20 ár. Nú er ég komin með sjálfstraust til að halda áfram og leita mér að nýjum starfsvettvangi.“

„Ég fékk nýtt og mun betur launað starf fljótlega eftir að námi lauk.“

OPIÐ HÚS Laugardaginn 27. ágúst kl. 13-16. Stuttar kynningar á því námi sem í boði er.

Ótrúlegt úrval

af sófasettum á vaxtalaus tilboði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa
Óseyri 1 Akureyri

Nýtt
í Hagkaupum



Vaxtalaus
tilboð

aðeins

9.999 kr

á mán. í 15 mánuði

Verð 149.985,-

Leðursófasett 3+1+1 Flórens



Bycast sófasett 3+1+1 Roma



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Leðursófasett 3+1+1 Verona



Leðursófasett m/skammel Nicoletti



Nýtt
í Hagkaupum

Leðursófasett 3+1+1 M3208



Nýtt
í Hagkaupum

Leðursófasett 3+1+1 M6217



Ítalskt leðursófasett 3+1+1



Sófasett 3+1+1 Chesterfield



Leðursófasett 3+1+1 G2041

41.999 kr

Verð nú 41.999,-

3ja sæta sófi

99.900 kr

Verð nú 99.900,-

Verð áður 149.900,-

99.900 kr

Verð nú 99.900,-

Verð áður 149.900,-



Sófi 1, 2 eða 3 sæta 601



Hornsófi tau áklæði Paris



Hornsófi leður áklæði

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Stórhagnaður Eglu

Egla eignarhaldsfélag, sem er annar stærsti hluthafinn í KB banka, hagnaðist um 5,7 milljarða á fyrri hluta ársins og var arðsemi eigin fjár 71 prósent á ársgrundvelli. Það er öllu minni hagnaður en á sama tímabili árið 2004 þegar hagnaðurinn var 8,6 milljarðar.

Eigið fé Eglu nemur 24 milljörðum króna en heildareignir um 40 milljörðum. Þar af var eignarhluturinn í KB banka um 38 milljarðar 30. júní. Hluturinn hefur síðan hækkað um þrjá milljarða.

Ráðandi hluthafi í Eglu er eignarhaldsfélagið Ker (68% hlutur) sem er að stærstum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa. Aðrir hluthafar eru Kjalur (28%) og Burðarás (4%). - eþa



STÆRSTUR Í EGLU Eignarhaldsfélög í eigu Ólafs Ólafssonar eru stærst í Eglu. Hún hagnaðist um 5,7 milljarða á fyrri árshelmingi.

Nýr vafri frá Opera

Norska fyrirtækið Opera Software hefur kynnt nýjan vafra fyrir farsíma, sem kallaður er Opera Mini, og er einfaldari að gerð en fullbúnir vafrar. Með honum verður hægt að keyra netið í meirihluta þeirra farsíma sem bjóða ekki upp á fullbúna vafra.

Norska sjónvarpsstöðin TV2 hefur gert samning við Opera um dreifingu vafrans og verður hægt að nálgast hann ókeypis með SMS-skeytum.

Opera Software hefur hækkað hressilega frá áramótum, yfir 70 prósent. Næststærsti hluthafinn er Íslendingurinn Jón S. von Tetzchner.



JÓN S. VON TETZCHNER Opera Software hefur sett nýjan vafra á markað fyrir farsíma.



BA TAPAR PENINGUM Tjón BA vegna samúðarverkfalls starfsmanna hleypur á milljónum punda. Fella þurfti niður 600 flug á fimmtudag og föstudag.

Stórtap fyrir BA

Tekjumissir British Airways (BA) vegna samúðarverkfalls starfsmanna fyrirtæksins á Heathrow-flugvelli gæti numið tíu milljónum punda á dag eða sem nemur 1.150 milljónum króna.

Starfsmenn félagsins mótmæltu því að Gate Gourmet, sem framleiðir mat fyrir farþega BA, sagði upp átta hundruð starfsmönnum sínum. BA gæti orðið fyrir enn meira tjóni til lengri tíma vegna fækkunar viðskiptavina.

Flugfélagið felldi niður yfir 600 flugferðir á fimmtudag og föstudag.

Þetta er í annað sinn á tveimur árum sem verkfall starfsmanna veldur töfum á starfsemi BA. Fyrir tveimur árum lögðu flugvallarstarfsmenn niður störf og varð að aflýsa fimm hundruð ferðum. Þá tapaði félagið nærri fimm milljörðum króna. - eþa

Verðbréfaþing hagnast

Hagnaður Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings fyrstu sex mánuði ársins var 37 milljónir króna samanborið við 35 milljónir á sama tíma í fyrra. Rekstrartekjur jukust um tíu prósent frá sama tíma í fyrra og voru 308 milljónir króna. Rekstrargjöld jukust á sama tíma um þrettán prósent.

Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing á og rekur bæði Kauphöll Íslands og Verðbréfaþing Íslands. Félögin tvö eru rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar.

Afkoma fyrstu sex mánaða ársins var heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðstæður á verðbréfamarkaði hafa verið góðar og umfang viðskipta svipað og árið 2004, sem var metár. - dh

Bretar lækka stýrivexti

Bresk peningamálayfirvöld hafa lækkað stýrivexti í 4,5 prósent. Stýrivextir höfðu staðið í 4,75 prósentum í rúmt ár. Sérfræðingar höfðu spáð vaxtalækkunum en svo virðist sem niðursveifla sé framundan í landinu; hægst hefur á hagvexti og neyslu auk þess sem framleiðni hefur minnkað.

„Lækkunin mun ýta undir hagvöxt í landinu, auka neyslu og auðvelda fyrirtækjum lífið,“ sagði Digby Jones, forstöðumaður Sambands breskra iðnrekenda.

Miðað við hagvöxt á öðrum ársfjórðungi mun hagkerfið aðeins vaxa um 1,7 prósent á þessu ári og hefur hagvöxtur ekki verið minni síðan á fyrstu þremur mánuðum ársins 1993. - jsk

VINÁTTULANDSLEIKUR



Ísland - Suður Afríka Laugardalsvelli 17. ágúst

Miðvikudaginn 17. ágúst kl. 20:00 tökum við á móti spræku landsliði Suður-Afríku í vináttulandsleik á Laugardalsvelli. Leikurinn er undirbúningur fyrir leiki haustsins við Króata, Búlgari og Svía. Mætum öll og styðjum okkar menn!

Forsala á **ksi.is** og **esso.is**



	Forsala á Netinu til 15. ágúst	Forsala á völdum ESSO stöðvum 16. ágúst	Sala á leikdag 17. ágúst frá kl. 12:00
Gamla stúka	2.000 kr.	2.000 kr.	2.500 kr.
Nýja stúka	1.000 kr.	1.000 kr.	1.500 kr.

Athugið að eingöngu verða seldir miðar í númeruð sæti. **50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri** í hvaða sæti sem er. **Miðar geta selst upp í forsölu.**

BERTOLT BRECHT (1898-1956)
lést á þessum degi.



„Það er auðveldara að ræna með því að stofna banka en að ræna banka.“

Þýski rithöfundurinn Bertolt Brecht var eitt umdeildasta skáld Þýskalands á fyrri hluta 20. aldar og lá sjaldnast á röttækum skoðunum sínum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Rússar nema land í Alaska

Á þessum degi árið 1784 stofnaði rússneski loðskinnkaupmaðurinn Gregory Shelikoff fyrstu varanlegu rússnesku byggðina við Three Saints-flóa á Kodiak-eyju í Alaska. Evrópumenn komu fyrst til Alaska árið 1741. Rússneskur leiðangur, undir stjórn Danans Vitus Bering, komst yfir sundið milli Rússland og Alaska sem síðan hefur verið kennt við Bering. Rússneskir veiðimenn tóku að leggja leið sína þangað í framhaldinu með hörmulegum afleiðingum fyrir frumbyggjana í Alaska, sem stráféllu þegar þeir smituðust af sjúkdómum Evrópumanna. Shelikoff bjó í þorpi

sínu í tvö ár ásamt eiginkonu sinni og 200 öðrum. Þaðan var meginland Alaska kannað og kortlagt og aðrar miðstöðvar fyrir skinnverslun stofnaðar. Árið 1790 fól Shelikoff manni að nafni Alexander Baranov að sjá um eignir sínar. Baranov stofnaði rússneska-ameríska kaupfélagið og var veitt einokunaleyfi yfir svæðinu. Smám saman minnkaði áhugi Rússa á svæðinu og eftir Krímstríðið vildu þeir losa sig við það, enda kostaði Alaska Rússakeisara mikið fé sem hann hafði ekki efni á. Árið 1867 keyptu Bandaríkjamenn Alaska á 7,2 milljónir dollara. Þrátt



14. ÁGÚST 1784

fyrir ódyrt verð hæddust margir að forsetanum fyrir að hafa keypt svæðið. Árið 1898 fannst hins vegar gull í Alaska og þúsundir manna þustu þangað til þess að freista gæfunnar. Árið 1959 var Alaska gert að 49. ríki Bandaríkjanna.

MERKISATBURÐIR

- 1702 England og Holland lýsa yfir stríði á hendur Spáni og Frakklandi.
- 1767 Breska stjórnin afnemur innflutningstolla á te til Bandaríkjanna.
- 1784 Suðurlandsskjálftar ríða yfir.
- 1811 Paragvæ hlýtur sjálfstæði frá Spáni.
- 1862 Svisslendurinn Adolphe Nicole fær einkaleyfi á skeiðklukku.
- 1942 Bandarískar herflugvélar skjóta niður þýska sprengiflugvél sem stefndi til Reykjavíkur.
- 1982 Akureyrardeild RÚV tekur til starfa.
- 1982 Furstahjónin af Mónakó koma í heimsókn til Íslands.



SÆLJÓN Í SÓLINNI Brimill lætur sólina sleikja sig í dýragarðinum í Bronx.

AFMÆLI

Helgi Hálfánarson þýðandi er 94 ára.



Ragnar „skjálfti“ Stefánsson jarðeðlisfræðingur er 67 ára.



Sævar Karl Ólason klæðskerir er 58 ára.



Geir Ólafsson söngvari er 32 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1771 Sir Walter Scott, skoskur rithöfundur.

1902 Einar Olgeirsson alþingismaður.

1934 Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú.

1941 David Crosby tónlistarmaður.



1947 Danielle Steel rithöfundur.

1959 Magic Johnson kórufuknattleiksmaður.



1968 Halle Berry Óskarsverðlaunaleikkona.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



SZYMON KURAN Hann var fjölhæfur tónlistarmaður og gerði ekki upp á milli ólíkra tónlistartegunda. Viðkvæðið var að það skipti ekki máli hvernig tónlistin væri heldur hversu vel hún væri leikin.

SZYMON KURAN FIÐLULEIKARI OG TÓNSKÁLD LÁTINN:

Frábær tónlistarmaður með gott hjartalag

Szymon Kuran, fiðluleikari og tónskáld, lést sunnudaginn 7. ágúst. Hann setti ríkan svip á íslenskt tónlistarlíf allt frá því að hann flutti til landsins árið 1984. Szymon fæddist í Póllandi 16. desember 1955. Hann hneigðist snemma til tónlistar og útskrifaðist tvítugur með einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Varsjá. Að því loknu hélt hann námi áfram, bæði í fiðluleik og tónsmíðum, í Gdansk og Lundúnum.

Szymon stofnaði eigin kammersveit og lék með Baltnesku filharmoníuhljómsveitinni áður en hann réðist til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann var staddur í

Lundúnum þegar hann sá auglýsingu um laust starf aðstoðarkonsertmeistarar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það kom berlega í ljós í prufu sem hann var kallaður í að tónlistarhæfileikar hans voru einstakir og þeirra hafa Íslendingar notið allar götur síðan.

Szymon var fjölhæfur tónlistarmaður og gerði ekki upp á milli ólíkra tegunda hennar. Viðkvæði hans var að það skipti ekki máli hvernig tónlistin væri, heldur hversu vel hún væri leikin. Skilningur hans á tónlist var óvenjuríkur og tóneyra hans slíkt að hann gat setið við nótnaskrif þó erill væri í kringum hann og jafnvel leikin önnur tónlist. Þá gat hann leikið verk og lög afbragðsvel án

þess að hafa heyrt þau áður.

Szymon var gott tónskáld og flutti til dæmis Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur nokkur verka hans. Þá var hann í hljómsveitunum Súld og Kuran Swing, sem léku léttari gerðir tónlistar.

Szymon var einstaklega ljúfur maður og þægilegur í viðkynningu. Hann hafði gott hjartalag og talaði aldrei illa um nokkurn mann. Hann gladdist auðveldlega yfir hinu fagra og góða og hvatti aðra áfram við verk sín.

Szymon Kuran var kvæntur Guðrúnu Theodóru Sigurðardóttur og eru börn þeirra: Szymon Héðinn, Anna Kolfinna og Jakob. Stjúpdóttir hans er Esther Talía Casey.

Szymon verður jarðsettur í Póllandi en sálumessa verður frá Landakotskirkju fimmtudaginn 25. ágúst klukkan 13.00. ■



Okkar ástkæri,

Andri Ísaksson

fyrirverandi prófessor,
Hjallabrekku 14, Kópavogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 6. ágúst.
Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 18. ágúst klukkan 15.00.

Svava Sigurjónsdóttir

Sigrún Andradóttir
Þór Ísak Andrasen
Hrund Ólöf Andradóttir
Hjalti S. Andrasen

Robin Thomas
Sandy Hrovat

og barnabörn



Þökkum sýnda vinsemd og hlýbug vegna andláts eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Guðlaugs Þórs Þórðarsonar

Húsasmiðameistara og Slökkviliðsstjóra,
Akranesi.

Fyrir hönd aðstandenda,

Kristín Magnúsdóttir

Söngskemmtun Office 1

SS og Fanta mæta á svæðið og við grillum pylsur og drekkum **Fanta**



Hildur Vala og Ómar Ragnarsson

Office 1 býður alla velkomna á stórglæsilega söng- og grín skemmtun í dag sunnudaginn 14. ágúst, kl:13:00 í verslun okkar að Skeifunni 17.

Allar töskurnar eru með bólstruðu baki svo að taskan falli vel að baki barnsins. Breiðar bólstraðar axlarólur og mittisól tryggja að líkamsburður barnsins er réttur.

OUTBACK

Verð frá 3.795,-

Verð frá 995,-

Verð frá 99,-

BATMAN
línan
fæst í
Office 1

Office 1 Superstore

Herbie
FULLY LOADED

Allir sem kaupa fyrir 4.000,- eða meira fá bíómíða á **Herbie: Fully Loaded** á meðan birgðir endast. Sýnd í Sambíunum og Háskólabíói

SAMBÍUN

LAGER SALA SENU ER Í FULLUM GANGI

NYTT
KORTATÍMABIL




**NÝJAR VÖRUR
DAGLEGA**

FRÍR ÍS
Á AKTU TAKTU
FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!

TÓNLIST TÖLVULEIKIR DVD
299kr 499kr 699kr 999kr
FYLLTU Á SAFNHD FYRIR SMÁAURA

OPIÐ 11-20 ALLA DAGA

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28 (gamla World Class húsinu)



s e n a

Bjartsýni í bland við baráttuhug

Í síðustu viku stóðu European LGBT Youth (lesbian, gay, bisexual, transgender) fyrir ráðstefnu í Liechtenstein og Sviss undir slagorðinu „To break taboos“ eða „Niður með múrana“. Samtökin reyna að stuðla að bættri vellíðan ungra samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og kynskiptinga í Evrópu. *Freyr Gígja Gunnarsson* fylgdist með.

Þetta er í áttunda skiptið sem ráðstefna af þessu tagi er haldin en sú fyrsta var í Slóvakíu í borginni Bratislava. Hápunkturinn á ráðstefnunni var blaðamannafundur í Alpabænum Davos en þar kynntu vinnuhópar niðurstöður sínar. Fjögur málefni voru á dagskrá: skólar, að búa saman, sjálfsmorð og loks heilsu-mál. Ráðstefnugestir voru sam-mála um að hjart væri fram und-an þó enn væri margt óunnið. Þá kom einnig fram mikil ánægja með aðstæður samkynhneigðra á Íslandi og þær væru smám saman að verða fordæmi fyrir önnur lönd.

Baráttan gegn eyðni

Áður en að sjálfum blaðamanna-fundinum kom gafst blaðamönnum tækifæri til þess að hitta full-trúa samtaka samkynhneigðra í Genf og Lausanne.

Eyðni er mikið vandamál í Sviss meðal ungra samkynhneigðra karlmannna. Í Genf eru starfrækt einhver öflugustu sam-tök samkynhneigðra í

Sviss, Dialogai. Francois Haaker-Chijner, forstöðumaður þeirra, sagði að þrátt fyrir að svissneska þjóðin hefði viljað leyfa samkynhneigðum að staðfesta sambúð sína væri enn þörf fyrir samtök eins og Dialogai. „Það er enn erfitt fyrir ungt fólk að koma út úr skápnun og horfast í augu við kynhneigð sína. Ef einn fremur sjálfsmorð vegna kynhneigðar sinnar er stofnun eins og þessi mikilvæg,“ sagði Haaker-Chijner.

Frá Genf var ferðinni heitið til Lausanne en þar eru samtökin Vogay starfrækt, 300 manna samtök sem sprottin eru upp af samtökum fólks með eyðni. Fljótlega stofnuðu samkynhneigðir sinn eigin hóp og árið 1996 var hann sjálfstætt starfandi undir nafninu Vogay. Samtökin verja mestum tíma í forvarnir gagnvart eyðni. „Við glímum við þann vanda í dag að ungt fólk segist geta lifað eðlilegu lífi með eyðni. Í huga þess er þetta eins og hver annar sjúkdómur,“ útskýrir Steven Derringer, formaður Vogay. Hann sagði baráttu þeirra felast í því að fá samkynhneigða sem og gagnkynhneigða til þess að virða líf sitt og líkama. Vogay býður einnig upp á foreldra-

hóp því eins og Derringer benti á er það ekki bara sá samkynhneigði sem kemur út úr skápnun heldur einnig foreldrar hans. „Margir þurfa stuðning vegna þess að þeir þurfa einnig að koma út úr skápnun og segja: barnið mitt er samkynhneigt,“ sagði Derringer.


Skortur á námsefni veldur fordómum

Á blaðamannafundinum kom fram að hörgull væri á framboði fræðsluefnis. Í mörgum löndum væri samkynhneigð enn kennd með neikvæðum formerkjum, sem viðhélldi fordómum í samfélaginu. Öll fræðsla þyrfti að hefjast mjög snemma og vera sett fram á jákvæðan hátt. Þá kom fram að erfitt er fyrir samkynhneigða kennara að stunda sína vinnu í mörgum löndum. Í Suður-Evrópu, þar sem löndin eru flest kaþólsk, eiga samkynhneigðir kennarar hættu á að vera reknir úr vinnu ef upp kemst um kynhneigð þeirra. Í Austur-Evrópu er ekki langt síðan samkynhneigð var álitin nátengd barnahneigð og samkynhneigðir verða þar enn fyrir miklu aðkasti.

Ráðstefnan taldi að samkynhneigð þyrfti að vera sýnilegri í málefnum sem tengdust ekki kyn-

Afríka og Evrópa Eins og sjá má á þessari mynd er réttarstaða samkynhneigðra ólík. Dökkrauðu litirnir tákna þau lönd þar sem samkynhneigð varðar við dauðarefsingu. Í rauðu löndunum er hún refsiverð, í löndunum sem eru appelsínugul er samkynhneigðum mismunað, í gráu löndunum er ástandið óþekkt, í grænu löndunum er samkynhneigð lögleg og í dökkgrænu löndunum er unnið markvisst að því að gera samkynhneigðum jafnhátt undir höfði.

